

AUGLÝSING

um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Garðabæ, Sveitarfélaginu Álftanesi, Hafnarfjarðarkaupstað, Kópavogsbæ, Seltjarnarneskaupstað og Mosfellsbæ.

1. gr.

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. f-lið 1. mgr. 108. gr. sömu laga, skal vera 2.500 kr.

2. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna annarra stöðvunarbrota sbr. a-e lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að undanskildum j-lið 1. mgr. 28. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr., skal vera 5.000 kr.

3. gr.

Stöðvunarbrotagjald vegna brots á reglum um notkun á merktu stæði fyrir bifreiðir fatlaðra, sbr. j-lið 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. b-lið 1. mgr. 108. gr. sömu laga, skal vera 10.000 kr.

4. gr.

Þegar gjald skv. 1., 2. og 3. gr. er greitt innan þriggja virkra daga frá álagningu þess er heimilt að veita 1.100 kr. staðgreiðsluafslátt. Afslátturinn er aðeins veittur þegar álagningarseðill er greiddur án fyrirvara eða andmæla í bankastofnun eða heimabanka innan hins tilskilda frests.

5. gr.

Frestur til að andmæla stöðvunarbrotgjöldum er 28 dagar frá dagsetningu álagningar.

6. gr.

Séu gjöldin greidd innan 14 daga frá álagningu gilda ofangreindar fjárhæðir, en hækka eftir það um 50%, sbr. 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, sbr. reglur um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota nr. 104/1998, sbr. breytingu á reglunum nr. 226/2004. Gjaldskráin öðlast gildi 1. júní 2010.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 27. apríl 2010.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.